

Fundargerð 37. umdæmisþings Inner Wheel Ísland umdæmi136

Umdæmisþing Inner Wheel á Íslandi var haldið í Safnaðarheimili Kópavogskirkju 16. maí 2026. Sigurbjörg Magnúsdóttir umdæmisstjóri setti fundinn kl. 11.09 og minnti á einkunnarorð Inner Wheel. Á þingið voru mættar 32 félagskonur frá 6 klúbbum: Kópavogi, Reykjavík, Keflavík, Selfossi, Hafnarfirði og Görðum ásamt 2 gestum. Umdæmisstjóri Sigurbjörg Magnúsdóttir lagði til að fundarstjóri yrði Kristjana Þ Ásgeirsdóttir og Erla Eggertsdóttir fundarritari. Þetta var samþykkt.

Kristjana tók nú við fundarstjórninni af mikilli röggsemi og þakkaði fyrir traustið sem sér væri sýnt.

Þingið hófst á því að allir þingfulltrúar stóðu upp hver af öðrum og kynntu sig með nafni og frá hvaða klúbbi þeir væru.

Elín Hjartar las fundargerð síðasta umdæmisþings sem haldið var í Viðey 17.maí 2025. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

Þessu næst flutti Sigurbjörg skýrslu stjórnar. Einkunnarorð starfsársins send frá Kay Morland forseta IIW. “STEP UP & LEAD BY EXAMPEL” sem við þýddum “VERTU ÁVALLT GÓÐ FYRIRMYND” Haldnir voru alls 7 stjórnarfundir þar sem við m.a. skipulögðum Haustfundinn 1. nóv. 2025, Inner Wheel daginn 10. jan. 2026 og umdæmisþingið 16. maí 2026.

Sigurbjörg fór síðan og heimsótti klúbbana. Fyrst Keflavík síðan Reykjavík, Hafnarfjörð þar sem hún hitti bæði heimakonur og Garðabæjarklúbbinn, en þær eru orðnar svo fáar að þær funda með Hafnafjarðarklúbbnum. Síðan heimsótti hún Selfoss og að síðustu sinn eigin klúbb í Kópavogi. Þessar heimsóknir voru allar skemmtilegar og allsstaðar voru móttökur mjög vinsamlegar

Haustfundurinn í nóv. var haldinn á Catalínu í Kópavogi. Þar sagði hver klúbbur frá sínu starfi. Þar kom fram að Keflavíkurklúbburinn er duglegastur í að ná í nýja féлага. Soffía H Hafsteinsdóttir sagði frá ferð sinni á Rallíið í Árósum í Danmörku. Þangað fór hún ásamt tveimur öðrum Inner Wheel konum.

Kristjana Þ Ásgeirsdóttir hvatti til að hver klúbbur hefði sitt eigið netfang, sem ekki sé persónurekjanlegt. Það er búið að senda þessi netföng til Alþjóðaskrifstofunnar.

Inner Wheel dagurinn í janúar var haldinn í Kríunesi. Mæting var frábær alls 59 félagar.

Valdís B Óskarsdóttir viðtakandi umdæmisstjóri hélt erindi: **Að lesa fyrir börn.** Valdís er kennari og talmeinafræðingur.

Katrín Ósk Einarsdóttir söngkona og dóttir Valdísar söng lögin: **Með þér, þetta líf og Ást.** Hún endaði á því að fá fundargesti með í fjöldsöng. Allir sungu saman lagið **Vikivaki** eftir Valgeir Guðjónsson við texta eftir Jóhannes úr Kötlum.

Við fengum heimsókn frá Inner Wheelkonum frá Bombay í Indlandi. Þær voru frá sitt hvorum klúbbnum. Við fórum 3 til fundar við þær Sigurbjörg, Erla og Edda Magnúsdóttir. Þeim fannst mjög merkilegt að fá umdæmisfána.

Skömmu fyrir jól fór Sigurbjörg og hitti aðra Indverska Inner Wheel konu sem var hér á ferð. Hún fékk fána frá umdæminu okkar, en var ekki með fána frá sínum klúbbi.

Það kom líka póstur frá Innern Wheel konu í Slóvakíu. Hún óskaði eftir því að henni yrði útveguð gisting fyrir alla fjölskylduna. Þetta var á sama tíma og sólmyrkvinn er. Sigurbjörg svaraði henni að á þessum tíma gætum við ekki útvegað gistingu þar sem allar gistingar væru löngu uppantaðar.

Að lokum sagði Sigurbjörg að það hefði verið ánægjulegt að kynna konum úr öðrum klúbbum. Endaði með því að þakka fyrir samstarfið í vetur, sem hefði verið gefandi og ánægjulegt. Minnti loks á einkunnarorð Inner Wheel:

**Að auka sanna vináttu. Að efla mannleg samskipti. Að auka alþjóðlegan skilning.**

Dúfa S Einarsdóttir gjaldkeri umdæmisins fór yfir bráðabirgðauppgjör ársins 2025-2026. Fjárhagsstaðan er góð.

Laufey Jóhannsdóttir, frá Inner Wheel Görðum, lagði til að kr. 500 frá hverjum félagi verði bætt við ferðasjóðinn, til þess að styrkja fulltrúa og 1 ferðafélaga á alheimspingið, sem verður næst í Manilla. Þetta er dýrt ferðalag og erfitt fyrir fulltrúa að fara einn á svona þing í framhaldi af þessu var samþykkt að hækka árgjaldið um kr. 500

Árgjaldið verður þá kr. 6500 fyrir starfsárið 2026-2027.

Umdæmisstjórn fyrir árið 2026 – 2027 vart samþykkt og verður þannig skipuð:

Valdís B Guðjónsdóttir umdæmisstjóri

Agnes Jóhannsdóttir gjaldkeri

Þórdís Guðjónsdóttir ritari

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir viðtakandi umdæmisstjóri og

Sigurbjörg Magnúsdóttir fráfarandi umdæmisstjóri.

Endurskoðendur verða:

Sissel J Einarsson og

Sigríður Ingibjörnsdóttir

Undir liðnum önnur mál tók Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir til máls. Hún hafði farið að íhuga hvað hún ætlaði sér að gera þegar hún verður orðin umdæmisstjóri. Hún skoðaði því heimasíðuna okkar og annara IW umdæma. Hún velti því fyrir sér hvort við ætluðum að vera áfram ósýnilegar eða velja það að sjást. Fólk kemur yfirleitt af fjöllum ef maður segist vera félagi í IW klúbbi. Hún var líka að hugsa um hvað hún ætlaði að segja í heimsóknum sínum í klúbbna. Á heimasíðunni eru ekki nöfn klúbbfélaga. Henni fannst það mætti bæta úr því svo auðveldar væri að hafa samband. Hún sagði að í Keflavík væru þær með nafnspjöld á fundum. Það mætti e.t.v. koma því á víðar og ekki síst á umdæmisþingum.

Kristjana hóaði saman öllum fyrrverandi og núverandi umdæmisstjórum til myndatöku.

Stjórnarskipti var næsta mál á dagskrá. Þar sem viðtakandi umdæmisstjóri Valdí B Guðjónsdóttir var erlendis tók Agnes Jóhannsdóttir viðtakandi gjaldkeri við keðjunni fyrir hennar hönd.

Undir önnur mál tók Laufey Jóhannsdóttir til máls og þakkað fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf. Hún þakkaði alveg sérstaklega Hafnafjarðarklúbbnum fyrir það hvað þær hafa tekið vel á móti þeim á fundum. Í IW Görðum eru þær orðnar svo fáar að það er varla fundarfært. Þær hafa því fengið að funda með Hafnafjarðarklúbbnum í vetur. Hún minntist líka á að við þyrftum að finna leið til að verða sýnilegri. Sigríður Guðmundsdóttir tók til máls og sagðist útskýra þegar hún er spurð um hvað þetta fyrirbæri sé að þetta séu vináttuklúbbar.

### **Matarhlé**

Eftir matarhlé hélt Heiðrún Jensdóttir frá Erninum minningar og styrktarsjóði erindi. Hún hafði stofnað sjóðinn ásamt Jónu Hrönn Bolladóttur árið 2018. Heiðrún sagði frá því að hún hefði misst son sinn 31ns árs fyrir nokkrum árum. Hann átti 10 ára dóttur og þegar hún fór að leita að aðstoð fyrir hana var ekkert til sem greip börn í sorg. Þær stofnuðu því sjóðinn og nota hann til að láta börn sem hafa upplifað missi og sorg hittast og fara saman í sumarþúðir. Margir sjálfboðaliðar vinna með þeim. Þau nota sumarþúðirnar til að ræða sorgarferli og ekki síst til að fara í leiki og hafa gaman saman. Þar kynnast þau líka öðrum börnum sem er eins ástatt með. Þau finna þannig samkennd og finnast þau ekki vera eins ein og engin skilji sorgina sem þau eru með. Alþjóðadagur barna í sorg er 3ja fimmtudag í nóv. Í ár verður hann 19. nóv. Blá fiðrildi eru tákn dagsins. Stjórnin hittist einu sinni í mánuði til skrafs og ráðagerðar. Þetta er mjög gott forvarnarstarf sem hindrar að þau einangrist í sinni sorg. Örninn er líka komin til starfa á Akureyri og á Austurlandi. Það er allt að 100 manns sem koma í sjálfboðaliðastarf hjá þeim.

Eftir kynninguna þakkaði Sigurbjörg henni fyrir. Þakkaði líka fyrir samstarfið í vetur og óskaði verðandi stjórn velfarnaðar. Kristjönu þakkaði hún fyrir frábæra fundarstjórn. Klukkan 13.30 sleit hún 37. Umdæmisþingi Inner Wheel

Eftir fundinn fórum við í helgistund og bæn í Kópavogskirkju . Þar minntist séra Sjöfn Jóhannesdóttir látinna féлага, sem að þessu sinni var aðeins einn.

Erla Eggertsdóttir fundarritari